

**Subject:** svör við erindum  
**Date:** Monday, 1 September 2025 at 23:50:05 Greenwich Mean Time  
**From:** Gísli Guðni Hall  
**To:** Gestur Gunnarsson, Sigurður G.  
**Attachments:** image001.jpg

Sælir Gestur og Sigurður, ég vísa til tölvupósta Gestis til Arion banka hf. 27. og 29. ágúst sl., sem mér hefur verið falið að svara.

Vinnslu málsins er ekki lokið af hálfu bankans, en bankinn telur sig hafa farið að lögum í einu og öllu ásamt því að hafa unnið málið í samvinnu og samráði við viðeigandi opinber yfirvöld. Sjálfsagt er að svara þeim spurningum, sem fram koma í póstum Gestis.

Í fyrri póstinum er óskað eftir staðfestingu á því hvort fulltrúar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafi verið boðaðir á fundinn. Svo var gert (FME er reyndar innan Seðlabankans) en boðið var afþakkað. Boði var jafnframt komið á framfæri við utanríkisráðuneytið, til samræmis við óskir umbjóðanda ykkar í aðdraganda fundarins, en það var einnig afþakkað-

Í fyrri póstinum er vísað til bréfs frá mánudegi í síðastliðinni viku frá \_ Schweiz. Hér með staðfestist móttaka Arion banka á þeim pósti.

Á fundi með Ivan Kaufmann 18. ágúst sl. bar hann upp þá spurningu í lok fundar hvort bankinn væri til viðræðu um gerðardómsmeðferð og nefndi hann tiltekna staði utan Íslands í því sambandi. Spurningunni var svarað neitandi. Á það svar við hvort sem gerðardómur er utan- eða innanlands. Sé höfðað mál gegn bankanum bregst hann við því með viðeigandi hætti að sínu mati.

### **Krafa á grundvelli persónuverndarlaga:**

Í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68/2023, um framkvæmd þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, er skýr lagaheimild til þess að takmarka aðgangsrétt einstaklinga, þ.e. að uppfylltum ákveðnum skilyrum sem nánar er kveðið á um í ákvæðinu.

Þær persónuupplýsingar sem bankinn hefur aflað um umbjóðanda þinn eru eingöngu í þágu lögbundins hlutverks bankans sem tilkynningarskylds aðila skv. lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Að mati bankans kynni aðgangur umbjóðanda þíns að umbeðnum gögnum að sefna þeim sjónarmiðum í hættu sem sérstaklega er getið um í fyrrgreindu lagaákvæði. Af þeim sökum getur bankinn ekki orðið við aðgangsbeiðni umbjóðanda þíns, a.m.k. ekki að sinni, og vísar til þeirra undantekningarákvæða sem getið er um í fyrrgreindu lagaákvæði.

Finna má nánari upplýsingar um réttindi einstaklinga á grundvelli persónuverndarlaga í persónuverndaryfirlýsingu bankans: [Persónuvernd - Arion banki](#). Bent á heimild til að

leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

**Annað:**

Ég vek athygli ykkar á svohljóðandi 12. gr. laga nr. 68/2023:

• **12. gr. Aflétting frystingar:**

- Hafi fjármunir ekki verið gerðir upptækir á grundvelli ákvæða almennra hegningarlaga skal aflétta frystingu þegar aðilar eru afskráðir af lista yfir þvingunaraðgerðir.
- Ef staðfest er að fjármunir hafi verið frystir hjá aðila sem ber sama eða svipað nafn og aðili sem skráður er á lista yfir þvingunarráðstafanir skal ráðherra gefa fyriræli um að aflétta þvingunarráðstöfunum. Fylgja skal ákvæðum 23. gr. eftir því sem við á.
- Um tilkynningar um afléttingu frystingar fer eftir 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

Í greinargerð með ákvæðinu er vísað eldri laga, þá er vísað til FATF nr. 6.6(f) og 7.4(b). Í greinargerð með enn eldri lögum (nr. 93/2008, nánar tiltekið athugasemdum við 9. gr. þeirra laga), er vísað til leiðbeininga ráðs Evrópusambandsins um innleiðingu þvingunaraðgerða (EU Best Practices for the effective implementation of restrictive measures).

Það gæti verið þess vert fyrir ykkur að skoða þessi ákvæði og tilvísanir.

Kveðja  
Gísli Hall